

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 84/2009**

**frá 3. júlí 2009**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2009 frá 29. maí 2009 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/83/EB frá 23. janúar 2009 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 725/2004 að því er varðar kerfi Aþjóðasiglingamálastofnunarinnar fyrir einkvæm auðkennisnúmer fyrirtækja og skráðra eigenda <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við í lið 56bb (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 725/2004) í XIII. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32009 D 0083:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/83/EB frá 23. janúar 2009 (Stjtíð. ESB L 29, 31.1.2009, bls. 53).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2009/83/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. júlí 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

---

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 232, 3.9.2009, bls. 28, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 47, 3.9.2009, bls. 31.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 29, 31.1.2009, bls. 53.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. júlí 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***O.H. Sletnes***  
formaður.